

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. febrúar 2008 í máli nr. S-140/2008:

Ákærvaldið

(Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari)

gegn

Grími Frey Kristinssyni

Mál þetta var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 6. febrúar sl., á hendur Grími Frey Kristinssyni, kt. 000000-0000, Eyktarási 21, Reykjavík, „fyrir rangar sakargiftir, með því að hafa hinn 14. apríl 2006, í skýrslutöku á lögreglustöðinni á Selfossi, með röngum framburði komið því til leiðar að Tómas Sigursteinn Garðarsson var með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 23. október 2007, ákærður fyrir ölvunarakstur.

Þetta telst varða við 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 15. gr. laga nr. 101/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.”

Ákærði hefur játað brot sitt fyrir dóminum. Gaf hann þá skýringu á tiltæki sínu að sér hefði verið sagt af lögreglu að upplýsingar hefðu legið fyrir um að annar maður en hann hefði ekið bifreiðinni í umrætt skipti og hefði hann þá gefið upp nafn Tómasar. Það hefði síðan dregið til baka fyrir dómi. Er játning hans í samræmi við önnur gögn málsins og verður hann sakfelldur fyrir brot sitt, en það er í ákæru réttilega fært til refsíákvæða.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingum svo vitað sé.

Að þessu virtu verður refsing ákærða fangelsi í 4 mánuði en fresta skal fullnustu refsingar og falli hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Grímur Freyr Kristinsson, sæti fangelsi í 4 mánuði en fresta skal fullnustu refsingar og falli hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Arngrímur Ísberg.